

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (495. mál)

Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á þremur lagabálkum sem varða starfsemi umboðsmanns skuldara. Nánar tiltekið er um að ræða breytingu á lögum um umboðsmann skuldara nr. 100/2010, breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010 og breytingu á lögum um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta nr. 9/2014.

Tillögur að breytingum voru gerðar í góðu samráði við embættið en tilgangur breytinganna er að veita embættinu skýrar heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga, sem fullnægja ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Í stað þess að embættið byggir heimild sína til vinnslu persónuupplýsinga á samþykki umsækjanda, er lagt til að embættið byggji vinnslu persónuupplýsinga á lagaskyldu, sem mælt er fyrir um í umræddum lagabálkum.

Þegar einstaklingar óska eftir aðstoð umboðsmanns skuldara, þarf embættið að framkvæma viðtæka upplýsingaöflun til þess að heildstæð mynd náist um fjárhag hlutadeigandi umsækjanda. Í dag er framkvæmdin sú að embættið er með samninga um vefþjónustu við nokkra kröfuhafa, þar sem upplýsingar streyma beint frá upplýsingakerfi hlutadeigandi kröfuhafa í upplýsingakerfi embættisins. Þegar ekki er um vefþjónustu að ræða, sendir embættið kröfuhöfum upplýsingabeidni í tölvupósti ásamt samþykki umsækjanda fyrir upplýsingaöflun. Umræddar lagaheimildir ættu að leiða til þeirrar breytingar að kröfuhafar séu skuldbundnir að veita embættinu upplýsingar í trausti þess að hlutadeigandi upplýsingaöflun varði einstakling sem hafi sótt formlega um úrræði hjá embættinu eða leitað eftir aðstoð þess með öðrum hætti. Það mun svo koma í ljós hvernig kröfuhafar venjast breytingunni, þ.e. hvort þeir geri kröfu um að embættið veiti sönnun um að hlutadeigandi einstaklingur hafi leitað til embættisins eða að embættið afhendingu staðfestingu frá umsækjanda að hann hafi verið upplýstur um upplýsingaöflunina.

Að mati embættisins er mikilvægt að benda á að fjárhagsupplýsingar geta talist viðkvæmar, s.s. upplýsingar um örorkubætur eða annars konar tekjustuðning. Þá geta upplýsingar um félagslegar aðstæður umsækjanda jafnframt talist viðkvæmar en geta skipt miklu máli í samningaviðræðum við kröfuhafa. Embættið lítur svo á að umræddar lagaheimildir til upplýsingaöflunar taki jafnframt til slíkra upplýsinga, sem nauðsynlegar teljast til að varpa skýru ljósi á fjárhag og aðstæður umsækjenda. Það er hins vegar ljóst að skv. 11. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, þarf

vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga að uppfylla sérstök skilyrði og því mun koma í ljós hvort umræddar heimildir teljast fullnægja skilyrðum 7. tl. 1. mgr., þess ákvæðis að mati Persónuverndar.

Sú breyting er lögð til á lögum um umboðsmann skuldara, að embættinu er veitt skýr heimild til að miðla til kröfuhafa viðeigandi upplýsingum sem gefa heildarmynd af fjárhag skuldara, þegar slík miðlun er nauðsynleg. Embættið óskaði sérstaklega eftir slíkri heimild vegna umsókna um ráðgjöf hjá embættinu, í þeim tilfellum þegar einstaklingar þurfa á aðstoð að halda í samningaviðræðum við kröfuhafa um lausnir á fjárhagsvanda og nauðsynlegt reynist að senda kröfuhöfum upplýsingar um stöðu viðkomandi. Líkt og að framan greinir getur verið nauðsynlegt í slíkum tilfellum að miðla viðkvæmum persónuupplýsingum og því kann jafnframt að reyna á hvort lagaheimildin fyrir slíkri miðlun sé fullnægjandi að mati Persónuverndar.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ósk Þrastardóttir
yfirlögfræðingur